



ÁRSHLUTAREIKNINGUR 30. SEPTEMBER 2015

KYNNING FYRIR FJÁRFESTA
11. NÓVEMBER 2015

ARION BANKI

ARION BANKI VEITIR ALHLIÐA FJÁRMÁLAPJÓNUSTU

Viðskiptabanki

- ~ 30% markaðshlutdeild
- Stærsti lánveitandi í búðalána á eftir Íbúðalánasjóði
- Fjölbreytt fjármálaþjónusta fyrir einstaklinga og lítil og meðalstór fyrirtæki
- Áhersla á hraðþjónustu – app og netbanka

Eignastýring

- Í forystu á sviði eignastýringar
- Eignir í stýringu jafn miklar og efnahagur bankans
- Þjónustar fagfjárfesta og efnameiri einstaklinga

Fjárfestingarbanki

- Leiðandi í markaðsviðskiptum og fyrirtækjaráðgjöf
- Alhliða fjárfestingarbankaþjónusta
- Umsjón með öllum kauphallarskráningum ársins

Fyrirtækjbanki

- Þjónustar mörg af stærstu fyrirtækjum landsins
- Veitir sérsniðna þjónustu að þörfum viðskiptavina
- Lánveitingar til erlendra fyrirtækja í sjávarútvegi og tengdum greinum

DÓTTURFÉLÖG GEGNA MIKILVÆGU HLUTVERKI

ARION BANKI VEITIR ALHLIÐA FJÁRMÁLAPJÓNUSTU

VALITOR

- Leiðandi á sviði færsluhirðingar og kortaútgáfu
- Með starfsemi á Íslandi, í Danmörku og í Bretlandi
- Hluti af VISA Evrópu and MasterCard International

STEFNIR

- Stærsta sjóðastýringar-fyrirtæki landsins
- Þjónustar einstaklinga og fagfjárfesta
- Stýrir fjölbreyttu úrvali verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóða

okkar

- Leiðandi á sviði líftrygginga
- Áhersla á einstaklingsmiðaða þjónustu
- Samstarf á sviði sölumála við Arion banka

vörður

- Vörður er fjórða stærsta skaðatryggingafélag landsins með ríflega 10% markaðshlutdeild
- Arion banki hefur komist að samkomulagi um kaup á 51% eignarhlut í félaginu
- Kaupin eru háð samþykki eftirlitsaðila á Íslandi

HELSTU ATRIÐI ÞRIÐJA ÁRSFJÓRÐUNGS ÁRSINS 2015

AUKIN UMSVIF Í EFNAHAGSLÍFINU OG Í STARFSEMI BANKANS

Íslenska efnahagsumhverfið

- Áætlun ríkisstjórnarinnar um afnám fjármagnshafta hefur almennt verið vel tekið
- Ferðamannaíðnaðurinn heldur áfram að vaxa ört, sem hefur áhrif á allt hagkerfið
- Seðlabankinn áfram mjög virkur á gjaldeyrismarkaði, verið að byggja upp mjög sterkan varagjaldeyriforða
- Efnahagsástandið hefur verið gott á Íslandi, 5,2% hagvöxtur, 1,9% verðbólga og atvinnuleysi í kringum 4,0%
- Líkur á að verðbólga hækki nokkuð á næstu misserum, m.a. í kjölfar kjarasamninga
- Fjárfestingar fyrirtækja hafa aukist nokkuð, einkum í bygginga- og verksmiðjuíðnaði

Arion banki

- Auknar lánveitingar til fyrirtækja og eftirspurn eftir lánnum hefur almennt aukist
- Arion banki seldi 10% hlut í Símanum í aðdraganda skráningar
- Bankinn kom að verkefni um byggingu fimm stjörnu hótels við Hörpu í samvinnu við Marriott Edition
- Aukin hlutdeild í bíla- og tækjafjármögnun
- Hlutdeild bankans af veltu í kauphöll nam 22,6% í hlutabréfum og 17,1% í skuldabréfum
- Arion banki hefur haft umsjón með öllum þremur skráningum á NASDAQ Íslandi á árinu; Eik fasteignafélag, Reitir fasteignafélag og Síminn
- Samþykki veitt fyrir samruna AFLs sparisjóðs og Arion banka í byrjun október og sameiningu verður lokið fyrir lok nóvember með opnun nýs útibús á Siglufirði

HELSTU ATRIÐI ÞRIÐJA ÁRSFJÓRÐUNGS ÁRSINS 2015

LÁNSHÆFISMAT Í FJÁRFESTINGARFLOKK – ÁRLEGUR FJÁRFESTADAGUR STARTUP REYKJAVÍK

Fjármögnun

- Lánshæfismat Arion banka var hækkað úr BB+ (með jákvæðum horfum) í BBB- (með stöðugum horfum)
- Arion banki gaf út sértryggð skuldabréf fyrir rúma 8 milljarða króna í tveimur útboðum á þriðja ársfjórðungi
- Á árinu hefur Arion banki selt sértryggð skuldabréf fyrir rúma 19 milljarða króna sem nýtt eru til fjármögnunar íbúðalána viðskiptavina bankans
- Samið um viðskiptavakt á sértryggðum skuldabréfum við Landsbankann, Íslandsbanka og Kviku, aukinn seljanleiki bréfanna í kjölfarið



Nýsköpun

- Í sumar fór Startup Reykjavík fram í fjórða sinn. Arion banki stendur að viðskiptahraðlinum og hefur fjárfest í 40 félögum á þessum fjórum árum
- Startup Reykjavík hélt sinn árlega fjárfestadag í lok ágúst. Teymin tíu kynntu sig fyrir hópi fjárfesta



LYKILTÖLUR 9M 2015

Rekstur

Arðsemi eigin
fjár
19,8%

9M 2014:
19,9%

Fjárhagur

Eiginfjár-
þáttur A
22,2%

31.12.2014:
21,8%

Skilvirkni

Kostnaðar-
hlutfall
38,4%

9M 2014:
48,7%

Gæði eigna

Vandræðalán
3,2%

31.12.2014:
4,4%

Hagnaður
25.397
m.kr.

9M 2014:
22.633 m. kr.

Vogunar-
hlutfall
15,0%

31.12.2014:
15,4%

Starfsmenn
1.151

31.12.2014:
1.120

Íbúðalán /
Heildar útlán
39,7%

31.12.2014:
42,8%



REKSTRARREIKNINGUR

REKSTRARREIKNINGUR

GÓÐUR HAGNAÐUR Á ÞRIÐJA ÁRSFJÓRÐUNGI

Hreinar vaxtatekjur
áfram sterkar

Lækkun í hreinum
þóknatekjum,
einkum vegna minni
umsvifa yfir
sumarmánuðina

Lágar hreinar
fjármunatekjur vegna
gengistaps á 3F

Aukning annarra
rekstrartekna á 3F er
tilkomin vegna sölu og
virðisbreytingar á
eignarhlut bankans í
Símanum í tengslum
við skráningu félagsins
á markað á 4F

	3F 2015	2F 2015	1F 2015	4F 2014	3F 2014
Hreinar vaxtatekjur	7.112	7.392	5.783	5.911	6.343
Hreinar þóknatekjur	3.292	3.677	3.757	3.190	3.526
Hreinar fjármunatekjur	453	2.184	7.539	1.429	1.994
Aðrar rekstrartekjur	3.448	1.038	4.702	5.208	689
Rekstrartekjur	14.305	14.291	21.781	15.738	12.552
Laun og launatengd gjöld	(3.153)	(3.675)	(3.492)	(3.953)	(2.862)
Annar rekstrarkostnaður	(3.012)	(3.108)	(2.896)	(4.465)	(2.786)
Bankaskattur	(779)	(659)	(730)	(635)	(634)
Hrein virðisbreyting	(33)	(1.863)	1.782	(742)	876
Hagnaður fyrir skatta	7.328	4.986	16.445	5.943	7.146
Tekjuskattur	(1.272)	(647)	(1.720)	(223)	(1.989)
Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatta	15	79	183	241	67
Hagnaður tímabilsins	6.071	4.418	14.908	5.961	5.224

REKSTRARREIKNINGUR

JÁKVÆÐ ÞRÓUN MILLI ÁRA Í FLESTUM LIÐUM

Hreinar vaxtatekjur hækka umtalsvert frá árinu áður, einkum vegna hærri verðbólgu og hagstæðari kjara á fjármögnun

Hreinar þóknatekjur hækka nokkuð á öllum sviðum

Hreinar fjármunatekjur og aðrar rekstrartekjur háar vegna skráningar og sölu á Refresco Gerber, Reitum og Símanum

Tekjur af aflagðri starfsemi á 9M 2014 voru einkum vegna sölu á 18% hlut í HB Grandá í tengslum við skráningu félagsins á markað

	9 mán. '15	9 mán. '14	Breyting	Breyt. %
Hreinar vaxtatekjur	20.287	18.309	1.978	11%
Hreinar þóknatekjur	10.726	10.119	607	6%
Hreinar fjármunatekjur	10.176	5.861	4.315	74%
Aðrar rekstrartekjur	9.188	3.963	5.225	132%
Rekstrartekjur	50.377	38.252	12.125	32%
Laun og launatengd gjöld	(10.320)	(10.026)	(294)	3%
Annar rekstrarkostnaður	(9.016)	(8.597)	(419)	5%
Bankaskattur	(2.168)	(2.009)	(159)	8%
Hrein virðisbreyting	(114)	2.877	(2.991)	-
Hagnaður fyrir skatta	28.759	20.497	8.262	40%
Tekjuskattur	(3.639)	(4.456)	817	(18%)
Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatta	277	6.592	(6.315)	-
Hagnaður tímabilsins	25.397	22.633	2.764	12%


HREINAR VAXTATEKJUR

HÆKKUN HREINNA VAXTATEKNA VEGNA AUKINNAR VERÐBÓLGU OG VIRKRAR FJÁRSTÝRINGAR


Verðbólga jókst á 2F og 3F sem orsakar hærri hreinar vaxtatekjur í samanburði við fjórðungana á undan

Vaxtamunur lækkar örlítið frá 2F, aðallega vegna aukningar í óbundnum eignum í lok tímabilsins, sem bera lága vexti


Hagstæðari lánakjör og fyrirframgreiðsla á óhagstæðari lánum eru farin að endurspeglast í vaxtagjöldum



Vaxtatekjur af útlánum



Vaxtagjöld af fjármögnun*




HREINAR ÞÓKNANATEKJUR

STÖÐUGLEIKI EFTIR ÞRIGGJA ÁRA VAXTARSKEIÐ


Stöðugar þóknatekjur af greiðslukortum og eignastýringu

Skráningar félaga á markað hafa mikil áhrif á þóknatekjur fjárfestingabankastarfsemi

Þóknarnir af útlánum, ábyrgðum og aðrar þóknatekjur stöðugar



Skipting á hreinum þóknatekjum á fyrstu níu mánuðum ársins 2015



HREINAR FJÁRMUNATEKJUR

MIKIL ÁHRIF Á AFKOMU TÍMABILSINS




Lág ávöxtun á hlutabréfum á 3F í samanburði við 1F og 2F

Góð ávöxtun af skuldabréfum

Mikill hagnaður á 1F vegna sölu og skráningar á Refresco Gerber

Gengistap vegna opinnar gjaldeyrisstöðu hefur þau áhrif að hreinar fjármunatekjur eru lægri á 3F en í fyrri fjórðungum

Aukning á hlutabréfaeign er aðallega vegna skráningar hlutdeildarfélag á markað, skuldabréfaeign er fremur stöðug






REKSTRARKOSTNAÐUR

REKSTRARKOSTNAÐUR Í TAKT VIÐ VÆNTINGAR

Hækkun launa-
kostnaðar og annars
rekstrarkostnaðar frá
3F 2014 má einkum
tengja auknum
umsvifum Valitor
erlendis

Lítillsháttar fjölgun
starfsmanna í
móðurfélagi milli
fjórðunga og
starfsmönnum Valitor
heldur áfram að fjölga

Kostnaðarhlutfall
hagstætt í samanburði
við erlenda
samanburðaraðila



EFNAHAGSREIKNINGUR



EFNAHAGSREIKNINGUR

NÝ LÁNTAKA OG AUKNING Í ÚTLÁNUM SETJA MARK SITT Á EFNAHAG

Vöxtur í útlánnum til viðskiptavina, einkum fyrirtækja

Sterk lausafjárstaða

Aukning í innlánnum frá viðskiptavinum

Aukning í lántöku notuð til að fyrirfram greiða óhagstæðari lán, bæði sértryggð og víkjandi

Eigið fé heldur áfram að vaxa þrátt fyrir verulega arðgreiðslu

Eignir	30.09.2015	30.06.2015	2014	2013	2012	2011
Sjóður og innstæður hjá Sí	73	33	21	38	30	29
Útlán til lánastofnana	93	104	109	102	101	69
Útlán til viðskiptavina	679	667	648	636	567	562
Verðbréfaeign	111	111	102	87	138	158
Fjárfestingareignir	8	8	7	29	29	27
Aðrar eignir	45	51	48	48	37	48
Eignir samtals	1.009	975	934	939	901	892

Skuldir og eigið fé

Innlán lánastofnana og Sí	11	14	23	28	33	16
Innlán frá viðskiptavinum	503	472	455	472	449	490
Aðrar skuldir	62	67	61	58	59	52
Lántaka	248	242	201	205	195	187
Víkjandi skuldir	10	11	32	32	34	32
Eigið fé	175	168	162	145	131	115
Skuldir og eigið fé samtals	1.009	975	934	939	901	892

LÁN TIL VIÐSKIPTAVINA


AUKIN EFTIRSPURN EFTIR LÁNUM TIL FYRIRTÆKJA

Góð samsetning á lánabók bankans í lánum til einstaklinga og lánum til fyrirtækja


Íbúðalán lækka, m.a. vegna skulda-leiðréttingar ríkisstjórnarinnar

Fyrirtækjalánasafn bankans er vel dreift milli atvinnugreina


Hlutfall vandræðalána heldur áfram að lækka og þar með batna gæði lánasafnsins



Lánnum til fyrirtæka skipt eftir atvinnugreinum (%)



Vandræðalán (%)



FJÁRMÖGNUN



AUKINN FJÖLBREYTILEIKI Í FJÁRMÖGNUN

Bankinn gaf út 300 m. evra, óveðtryggð skuldabréf til 3 ára í mars og 500 m. NOK skuldabréf til 5 ára í júní. Viðskipti með báðar útgáfunar ganga vel á eftirmarkaði


Keypar voru til baka 319 m. NOK af útgáfu frá febrúar 2013. Vextir á bréfinu eru NIBOR +500 bps.

Bankinn heldur áfram að gefa út sértryggð skuldabréf á íslenskum markaði, í heildina voru gefnir út 11,4 milljarðar kr. á fyrstu 9 mánuðum ársins

Víkjandi lán var greitt niður um tvo þriðju



Samsetning skulda og eigin fjár
30. september 2015 (%)



EIGIÐ FÉ

STERK EIGINFJÁRSTAÐA


Lækkun á eiginfjárbætti B er vegna fyrirframgreiðslu á víkjandi láni að fjárhæð 20 milljarðar króna

Arðgreiðsla að fjárhæð 12,8 milljarðar króna á fyrri helming ársins


Góð arðsemi skilar mjög sterkri eiginfjárstöðu

Bankinn notar staðlaða aðferð við útreikning á áhættuvegnum eignum

Hlutfall áhættuveginna eigna á móti heildareignum er 73,3%



■ Eiginfjárbáttur A ■ Eiginfjárbáttur B




■ Hlutfall eiginfjárbáttar A ■ Hlutfall eiginfjárbáttar B




KENNITÖLUR OG HORFUR

HELSTU KENNIÖLUR


Arðsemi eiginfjár (%)




Kostnaðarhlutfall (%)



Vaxtamunur (%)




Vandræðalán* (%)




Lán sem hlutfall af innstæðum (%)


án lána sem eru fjármögnuð með sértryggtum skuldabréfum




Eiginfjárpáttur A (%)



Lausafjárhlutfall (LCR) (%)




Brúttó niðurfærð lán / Brúttó lán (%)




* Vandræðalán (lán í yfir 90 daga vanskilum en ekki niðurfærð + lán með sértækri niðurfærslu) sem hlutfall af útlánum til viðskiptavina

HELSTU KENNIÖLUR


Arðsemi eiginfjár (%)




Kostnaðarhlutfall (%)




Vaxtamunur (%)




Verðtryggingarjöfnuður (ma.kr.)



Gjaldeyrisjöfnuður (ma.kr.)



Áhættuvegnar eignir / heildareignir (%)



HORFUR

ÁÆTLUN UM AFNÁM HAFTA MIKILVÆGT SKREF

- Snemma í október var tilkynnt um kaup á 51% hlut í Verði tryggingum af BankNordik. Kaupin eru háð samþykki íslenskra eftirlitsaðila
 - Markmiðið er að samþætta enn frekar banka- og tryggingaþjónustu eins og gert er víða, ekki síst á Norðurlöndum
- Regluleg starfsemi Arion banka gengur vel og bankinn hefur sterka stöðu til að vaxa með viðskiptavinum sínum, bæði á innlendum og alþjóðlegum markaði
- Bankinn hefur nú selt meginhlutann af eignum sínum í óskyldum rekstri
- Afnám fjármagnshafta mun skapa ný tækifæri fyrir Arion banka
 - Aukin bein erlend fjárfesting
 - Aukin gjaldeyrisviðskipti
- Afnám fjármagnshafta mun jafnframt hafa í för með sér nýjar áskoranir fyrir Arion banka, m.a. endurfjármögnun á innistæðum erlendra aðila
- Gert er ráð fyrir að efnahagur Arion banka breytist lítið í kjölfar afnáms fjármagnshafta þegar á heildina er litið en nokkur breyting verður á samsetningu skuldahliðar hans
- Hærra lánshæfismat og jákvæð verðþróun útistandandi skuldabréfa bankans á markaði fjölgar alþjóðlegum fjármögnunarmöguleikum bankans
- Sterk eiginfjárstaða gerir Arion banka vel undirbúinn að takast á við framtíðaráskoranir



FYRIRVARI

- Kynning þessi er eingöngu ætluð til upplýsinga og er ekki ætluð sem grundvöllur fyrir ákvörðunum móttakanda. Upplýsingar sem fram koma í þessari kynningu fela ekki í sér loforð eða spá um framtíðina. Bankanum ber ekki skylda til að útvega móttakanda aðgang að frekari upplýsingum en þeim sem fram koma í kynningu þessari, eða til að uppfæra þær upplýsingar sem þar koma fram. Bankanum ber ekki skylda til að leiðrétta upplýsingar, reynist þær rangar.
- Upplýsingar um bankann, dótturfélög og hlutdeildarfélag hafa ekki verið staðfestar. Kynning þessi felur ekki í sér tæmandi upplýsingar um bankann, dótturfélög eða hlutdeildarfélag hans.
- Upplýsingar sem fram koma í kynningu þessari eru byggðar á fyrirliggjandi upplýsingum, áætlunum um væntanlega þróun ytri skilyrða o.fl. Eru upplýsingarnar háðar ýmsum óvissuþáttum og geta þær breyst án fyrirvara.
- Bankinn, þ.m.t. hluthafar, stjórnendur, starfsmenn og ráðgjafar þeirra, taka enga ábyrgð á þeim upplýsingum, forsendum og niðurstöðum sem fram koma í kynningunni eða upplýsingum sem eru veittar í tengslum við hana. Munu framangreindir aðilar ekki gefa yfirlýsingar um að upplýsingarnar, forsendurnar og niðurstöðurnar séu nákvæmar, áreiðanlegar eða fullnægjandi og þeir skulu ekki bera skaðabótaábyrgð á tjóni sem rekja má til þess að þær reynist ónákvæmar, óáreiðanlegar eða ófullnægjandi.
- Móttaka þessarar kynningar skal ekki talin fela í sér fjárfestingarráðgjöf af hálfu bankans.
- Með móttöku þessarar kynningar fellst móttakandi á framangreindan ábyrgðarfyrirvara.